

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Varðandi tillögur um uppbyggingu leikskóla í borginni**

Á fundi borgarráðs 18. ágúst 2022 var samþykkt tillaga formanns borgarráðs um að kanna sex uppbyggingarverkefni í leikskólamálum og þeim vísað til frekari útfærslu á vettvangi skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

Meðfylgjandi eru umsagnir skóla- og frístundasviðs um uppbyggingarverkefnin.

### **Tillaga 1**

Tillaga eitt varðandi opnun Ævintýraborgar við Nauthólsveg er svohljóðandi:

*Ævintýraborg við Nauthólsveg verður opnuð og aðlögun barna hafin í fyrri hluta september. Stefnt er að því að aðlögun barna ljúki á einum mánuði. Lögð verður áhersla á fjölbreytta útiveru barna í Öskjuhlíðinni, Nauthólsvík og næsta nágrenni meðan unnið verður að frágangi útileiksvæðis við skólann sem stefnt er á að verði tilbúið fyrir hluta október næstkomandi. Leikskólinn getur tekið á móti 100 börnum.*

### **Umsögn**

Fjöldi starfsfólks í Ævintýraborgum við Nauthólsveg, miðað við 14. september 2022, eru sem samsvarar 28 stöðugildum. 32 stöðugildi þarf til að fullmanna leikskólann og því vantar 4 stöðugildi til að geta tekið á móti öllum börnunum til að fylla upp í rekstrarleyfi leikskólans.

Leikskólinn opnaði fjórar deildir þann 8. september 2022. Tekist hefur að ráða starfsfólk fyrir eina deild til viðbótar en ennþá vantar starfsfólk til að opna eina deild.

25 börn sem þegar voru með vistun í leikskólanum voru færð frá Eggertsgötu yfir á Nauthólsveg í upphafi septembermánaðar 2022. Samsetning barnahópsins sem byrjaði fyrst í aðlögun voru yngstu börnin og flest af þeim voru ekki með vistun annarsstaðar.

Frá 8. september og fram til 10. október fer fram aðlögun inn á fjórar deildir leikskólans og gert er ráð fyrir því að fjöldi barna um miðjan október verði kominn í 78 börn. Öllum börnum sem boðið var pláss í vor og sumar verða komin inn í október 2022.

Börnum fjölga í aðlögun og byrja eftir því sem ráðningum starfsmanna miðar.



## Tillaga 2

Tillaga tvö varðar nýtingu á lausu húsnæði borgarinnar til að taka við nýjum börnum í leikskóla og er svohljóðandi:

*Nýtt verði laust húsnæði í eigu borgarinnar til að taka á móti fleiri börnum í leikskóla á þessu hausti. Hafin er könnun á því hvort hægt er að nýta Korpuskóla undir leikskólastarf, sem tímabundinn valkost fyrir börn sem ekki hafa leikskólaláss í dag. Sömuleiðis er lagt til að opnaðar verði tvær deildir til viðbótar í leikskólanum Bakka í Staðarhverfi. Stefnt er að því að fjölga plássum um 160-200 með þessum ráðstöfunum. Þá er lagt til að skoðað verði hvort hægt er að nýta húsnæði frístundaheimila og annað húsnæði á vegum borgarinnar og samstarfsaðila tímabundið undir leikskólastarf. Þessi úrræði eru með fyrirvara um áhuga foreldra á að þiggja pláss sem standa til boða og fyrirvara um mönnun.*

### Umsögn

Búið er að greina hvaða húsnæði borgarinnar, ýmist í eigu borgarinnar eða sem borgin hefur á leigu, stendur til boða fyrir leikskóla og hversu vel það húsnæði hentar undir leikskólastarf. Húsnæði sem kemur til greina er Kringlan 1, Safamýri 5, leikskólinn Bakki, Brákarborg, Korpuskóli, Þorragata 3, Framheimilið við Safamýri og frístundaheimili á nokkrum stöðum.

Greiningin leiddi í ljós að ákjósanlegast væri að nýta Kringluna 1, leikskólann Bakka, Safamýri 5 og Brákarborg sem leikskólarými. Þessi húsnæði eru fullbúin sem leikskólar og kostnaður við breytingar á þeim lítil eða enginn.

Hér eru helstu upplýsingar um nýtingarmöguleika þessa húsnæðis:

#### Kringlan 1.

- Leikskólinn Sunnuás er í dag með aðsetur í húsnæðinu. Búið er að breyta því svo það fer vel um 120 leikskólabörn.
- Líklegt er að Sunnuás verði í húsinu fram að áramótum.
- Leikskólastarf er með undanþágu frá HER og ráðuneytinu sem nær til áramóta.
- Ekki er leyfi til að nota hluta lóðarinnar sem stendur, þar sem mælingar standa yfir á hljóði og mengun sem þurfa að sína mælingar undir viðmiðunarmörkum áður en leyfi er veitt til nýtingar. Þessar mælingar verða í rauntíma og því hægt að skoða áður en farið er með börnin út en þær geta breyst mikið dag frá degi og einnig eftir árstíma, t.d. þegar bílar eru komnir á nagladekk.
- Eftir áramót eru því pláss fyrir 120 börn ef leyfi fæst frá HER og ráðuneyti.
- Leigusamningur rennur út um áramót og þarf að skoða framhald á honum og er eignaskrifstofa með það verkefni.
- Til stendur að rífa húsið og vegna annmarka á lóð nýttist húsnæðið ekki sem langtímahúsnæði fyrir leikskólastarf.
- Húsnæðið gæti engu að síður nýst til þess að taka inn börn sem á næsta vori færu svo í Ævintýraborg við Vörðuskóla og/eða nýttist fyrir leikskóla sem eru í tímabundnum húsnæðisvanda.

#### Leikskólinn Bakki

- Leikskólinn er þriggja deilda leikskóli með rekstrarleyfi fyrir 58 börn.
- Í dag eru eingöngu 16 börn með vistun á einni deild.
- Búið er að opna Ævintýraborgina í Vogabyggð í húsnæði Bakka.



## Reykjavíkurborg

- Þar verða börn á tveimur deildum eða allt að 42 börn.
- Í dag eru 13 börn byrjuð í Bakka sem tilheyra Vogabyggð.
- Þegar Vogabyggð opnar í desember 2022 fara börn sem tilheyra Ævintýraborginni yfir í nýtt húsnæði leikskólans.
- Eftir standa að lágmarki 42 pláss í Bakka sem hægt er að nýta fyrir leikskólastarf hvort heldur er á vegum borgarinnar eða sjálfstætt starfandi aðila.

### Safamýri 5

- Í dag er pláss fyrir 60 börn í leikskólanum, sem er í hluta hússins.
- Áætlað er að breyta öðrum hluta hússins þannig að leikskólinn verði með rekstrarleyfi fyrir 125 börn.
- Mögulegt er að nýta 60 pláss fyrir börn í dag en um leið og framkvæmdir hefjast þarf að að tæma húsið.
- Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir hefjast. Kærumáli er þó lokið þar sem úrskurðað var í hag Reykjavíkurborgar. Mögulegt er að framkvæmdir hefjist á þessu hausti.
- Í dag er Furuskógur að nýta húsið og í október verður Nóaborg í húsinu og þá fram í nóvember.

### Brákarborg

- Leikskólinn er með rekstrarleyfi fyrir 44 börn í eldra húsnæði, við Brákarsund 1.
- Leikskólinn Brákarborg hefur flutt sína starfsemi yfir í nýtt húsnæði við Kleppsveg.
- Ef nýta á húsnæðið sem framtíðarhúsnæði fyrir leikskóla þarf að fara í umtalsverðar framkvæmdir. Það er mat þeirra sem komu að málinu að slíkar framkvæmdir svari ekki kostnaði.
- Í dag er Nóaborg í húsinu og verður þar þangað til um mánaðarmótin september/október.
- Mögulega er hægt að nýta húsnæðið tímabundið fyrir leikskóla sem eru í tímabundnum húsnæðisvanda.

Aðrir kostir sem voru skoðaðir eru fyrrum Korpuskóli, Þorragata 3, Framheimilið í Safamýri og einstaka frístundaheimili.

### Korpuskóli

- Verið að skoða með arkitekt skólans hvaða breytingar þarf að ráðast í til að húsnæðið henti sem leikskóli fyrir 1-6 ára börn. Niðurstaða arkitekta liggur ekki fyrir. Tímalína í verkefninu liggur ekki fyrir.
- Verið er að skoða áfangaskiptingu verkefnisins. Vera með 2 deildir, 4 deildir, 6 deildir og ef allt húsnæðið væri undir.
- Þarf að afgirða lóðina og fjarlægja/skipta út einhverjum leiktækjum.
- Þarna gæti skapast pláss fyrir allt að 120 – 150 börn, hvort heldur sem er á vegum borgarinnar eða sjálfstætt starfandi leikskóla.
- Mikilvægt er að hafa í huga að grunnskólar geta lent í tímabundnum húsnæðisvandræðum og reynslan sýnir að þá er þörf fyrir álíka úrræði eins og Korpuskóla, skólahúsnæði sem er tilbúið til notkunar fyrir grunnskólastarf.

### Þorragata 3

- Húsnæðið er í dag notað fyrir félagsmiðstöðina Hofið sem mun á þessu hausti flytja starfsemi sína í færanlegar stofur við Laugalækjarskóla. Áætluð afhending er í lok október.
- Mögulega er hægt að vera með 2-3 deildir í húsnæðinu ef samkomulag næst um slíkt



#### Fram/Víkingsheimilið, Safamýri 26

- Rými sem var áður skrifstofur, kaffistofa og kennslustofa á annarri hæð myndi henda best undir leikskólastarf. Líklega um 2 litlar deildir eða um 24-32 börn.
- Ókostir eru að þetta er á annarri hæð hússins og að erfitt er að útbúa sérhannaða lóð fyrir leikskólastarf á svæðinu.
- Kostir er að í húsinu eru stórir salir sem hægt væri að nota sem hreyfirými.
- Um er að ræða afar litla rekstareiningu með takmarkað aðgengi að lóð.

#### Frístundaheimili

- Skoðaðir voru möguleikar á að nýta frístundaheimili sem eru ekki inni í húsnæði grunnskóla. Má þar nefna Dalheima, Frostheima og húsnæði Undralands við Grandaskóla.
- Aðstaða í frístundaheimilunum (húsgögn, búnaður og annað) er miðuð við þarfir barna á grunnskólaaldri. Slíkur aðbúnaður hæfir ekki börnum 12-24 mánaða.
- Eingöngu væri hægt að bjóða upp á hálf dags vistun fyrir yngri börn í leikskólanum.
- Mat SFS er að raskið fyrir barnahópa í leikskólanum og börn sem nýta frístundaheimili við þessa aðgerð væri of mikið miðað við ávinninginn, jafnvel þó að rýmið væri eingöngu notað hálfan daginn.
- Mat SFS er að þetta sé ekki góður valkostur.

Hér fyrir neðan eru tilgreindar tillögur að nýtingu þess fyrir leikskólastarf, ásamt mati á fýsileika hvers kosts.



Húsnæði	Staða	Kostnaður við breytingar	Hve mörg pláss verða til	Hvað þarf að gera	Tímasetning notkunar	Hentugleiki 1- 10
Kringlan 1	Leikskólinn Sunnuás nýtir húsnæðið til jóla.	0 kr.	120	1. Framlengja leigu. 2. Framlengja leyfi frá HER til að nota útisvæði. 3. Framlengja undanþágu frá ráðuneyti.	Losnar líklega frá áramótum. Æskilegt að nýta húsnæðið til að opna „Vörðuskóla“ fyrir.	9 Heimild til starfs á lóð afar takmörkuð. Möguleiki á að skoða að nýta án útisvæðis?
Safamýri 5	Furuskógur að nota húsið út september og þá fer Nóa borg þangað til loka október.	0 kr. fyrir 60 börn. Í skoðun hvað kostar að fá nýtingu fyrir 125 börn.	60 - 125	Framkvæmdir á bið. Kærufarli í gangi.	Frá nóvember fram að framkvæmdum í Safamýri. Framkvæmdir munu auka plássin úr 60 í 125. En taka líklega 1 ár eða meira.	9 Getur nýst sem tímabundin lausn fyrir leikskóla í framkvæmdum þar til að endurbygging hefst
Bakki	Afar fá börn að nýta húsnæðið í dag. Vogabyggð hefur hafið starfsemi í Bakka.	0 kr.	58	Ekkert.	Í notkun frá september og þar til að Ævintýraborg í Vogabyggð opnar að líkindum í desember. Frá þeim tíma ýmis notkun möguleg.	8 Staðsetning dregur niður nýtingarmöguleika. Valkostir: a) Gæti nýst með Korpuskóla í framhaldinu. b) Gæti nýst fyrir sjálfstætt starfandi skóla. c) tímabundin lausn fyrir leikskóla í framkvæmdum
Brákarborg – eldra húsnæði	Nóa borg að nýta húsnæðið.	Þarf að kostnaðarmeta nauðsynlegar lagfæringar	44	Húsnæði í slæmu ásigkomulagi. Það þarf að fara í nauðsynlegar lagfæringar.	Laust frá október.	7 Getur nýst sem tímabundin lausn fyrir leikskóla í framkvæmdum þegar Safamýri fer í gang. Eða fyrir börn sem eru á bið að komast inn
Korpuskóli – 2 leikskóla deildir	Húsið stendur autt.	Í skoðun	Í skoðun	Breyta húsnæðinu og lóð og gera það leikskólavænt.	Laust en óljóst er hvenær framkvæmdir gætu hafist.	5 Staðsetning og kostnaður dregur niður. Mikilvægt að eiga neyðarhúsnæði fyrir grunnskólann
Korpuskóli – 4 deildir	Húsið stendur autt.	Í skoðun	Í skoðun	Breyta húsnæðinu og lóð og gera það leikskólavænt.	Laust en óljóst er hvenær framkvæmdir gætu hafist.	4 Staðsetning og kostnaður dregur niður. Mikilvægt að eiga neyðarhúsnæði fyrir grunnskólann
Korpuskóli – Allt húsið	Húsið stendur autt.	Í skoðun	Í skoðun	Breyta húsnæðinu og lóð og gera það leikskólavænt.	Laust en óljóst er hvenær framkvæmdir gætu hafist.	3 Mikilvægt að eiga neyðarhúsnæði fyrir grunnskólann Staðsetning og kostnaður dregur niður
Þoragata 3	Félagsmiðstöðin Hofið mun flytja í færanlegar stofur við Laugalækjarskóla í okt.	Í skoðun	30	Þarf að stúka af húsnæði og græja einfalda „ungbarnalóð“	Húsnæðið laust frá október en þarf að fara í framkvæmdir til að breyta í leikskólalúsnæði.	7 Óánægja íbúa og mögulegur kostnaður.
Fram/ Víkings heimilið	Víkingur að nota húsnæðið að einhverju leyti	Þarf að kostnaðarmeta	35	Útbúa sérlóð.	Liggur ekki fyrir	3 Erfitt að fá starfsleyfi/byggingaúttekt. Ókostir er að svæðið sem hentar best er á 2. hæð og að það er erfitt að útbúa sérlóð.



### Tillaga 3

Tillaga þrjú varðar opnun nýs leikskóla í Fossvogi og er svohljóðandi:

*Lagt er til að Reykjavíkurborg nýti forkaupsrétt sinn með kaupum á lóð sem staðsett er í Fossvogsdalnum, við hlið Ræktunarstöðvar Reykjavíkur. Óskað verður eftir skipulagsbreytingum fyrir lóðina og ef hún verður samþykkt þá verði sett upp Ævintýraborg fyrir 100 börn á lóðinni. Stefnt að því að nýr leikskóli í Fossvogi sem tekið geti á móti a.m.k. 100 börnum verði tilbúinn til notkunar á næsta ári.*

#### Umsögn

Nokkrir fundir hafa verið um málið og er það í góðum farvegi. Mikil bjartsýni ríkir um að hægt verði að fara hratt í verkið og möguleikar eru til staðar að byggja enn stærri leikskóla en hugmyndir eru um. Um er að ræða tvær lóðir sem Reykjavíkurborg hefur fest kaup á með ákvörðunum borgarráðs í ágústmánuði. Mögulega mætti skipta uppbyggingu leikskóla í tvo áfanga, setja upp Ævintýraborg á lóðinni sem gæti hafið starfsemi á næsta ári, en hefja undirbúning samhliða að byggingu varanlegs leikskóla sem taka mætti í notkun að nokkrum árum liðnum.



#### Tillaga 4

Tillaga fjögur varðandi stækkun Steinahlíðar er svohljóðandi:

*Leikskólinn Steinahlíð er einn af elstu leikskólum borgarinnar og rúmar 55 börn í dag. Lagt er til að Reykjavíkurborg taki upp viðræður við Barnavinafélagið Sumargjöf sem eiga húsnæði og lóð leikskólans um að leikskólinn verði stækkaður, tímabundið og/eða varanlega. Vilji beggja aðila til könnunar á stækkun leikskólans var ávarpaður í samkomulagi um hugsanlegar breytingar á lóðamörkum Steinahlíðar vegna Borgarlínu sem kynnt var og samþykkt í borgarráði 18. júní sl.*

#### Umsögn

Fyrsti fundur um málið var 22. ágúst 2022. Verkefnið er á byrjunarstigi en viðræður við Barnavinafélagið Sumargjöf eru hafnar. Fyrir liggur gagnkvæmur áhugi aðila á að stækka leikskólann og kemur til greina að stækka til bráðabirgða með Ævintýraborg en hefja samhliða undirbúning að varanlegri stækkun til frambúðar.



## Tillaga 5

Tillaga 5 varðandi hækkun niðurgreiðslu vegna þjónustu dagforeldra er svohljóðandi:

*Lagt er til að samþykkt verði að hækka niðurgreiðslu vegna þjónustu dagforeldra til þess að fjölga dagforeldrum, styrkja starfsgrundvöll þeirra og lækka útgjöld foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Stofnstyrkir verði hækkaðir og fleiri leiðir til úrbóta kannaðar, s.s. húsnæðisstuðningur og fræðslustyrkir.*

### Umsögn

Lagðar eru fram tvær tillögur að hækkaðri niðurgreiðslu til dagforeldra. Báðar tillögur fela í sér hækkun á stofnstyrk upp í 500 þús. kr., árlegum aðstöðustyrk upp á 150 þús. kr. og leigustyrk upp á 150 þús. kr. á mánuði fyrir dagforeldra í færanlegum kennslustofum á vegum Reykjavíkur. Fjárhagsleg áhrif af hækkun stofnstyrks miðað við 40 nýja dagforeldra eru 20 millj. kr., sem flokkast undir einkiptiskostnað. Árlegur kostnaður við aðstöðustyrk miðað við 40 nýja dagforeldra og 85 starfandi dagforeldra yrði 18.750.000 kr. Leigustyrkur er ekki reiknaður í tillögunum þar sem algjör óvissa ríkir um hvaða og hversu margar færanlegar kennslustofur stæðu dagforeldrum til boða.

Í fyrri tillögu að hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldra er lagt til að heildarfjárhæð sem dagforeldrar geta fengið með hverju barni sé 150 þús. kr. á mánuði, sem samanstendur af niðurgreiðslu frá Reykjavík og greiðslu frá foreldrum. Árlegur viðbótarkostnaður yrði 293 millj. kr. að meðtöldum aðstöðustyrk.

Í seinni tillögu er lagt til að heildarfjárhæð sem dagforeldrar geta fengið með hverju barni sé 190 þús. kr. á mánuði, sem samanstendur af niðurgreiðslu frá Reykjavík og greiðslu frá foreldrum. Árlegur viðbótarkostnaður yrði 573 millj. kr. að meðtöldum aðstöðustyrk.

Í báðum tillögum er gert ráð fyrir fjölgun dagforeldra um 40 til viðbótar við þá 85 dagforeldra sem eru starfandi í dag. Einnig er gert ráð fyrir þaki á greiðsluþátttöku foreldra þannig að foreldrar greiði að hámarki 65.800 kr.

Kostnaður við dagforeldrakerfið árið 2022 er áætlaður um 360 millj. kr.

Hér að neðan má sjá nánari útlístu á aðgerðum til að fjölga dagforeldrum ásamt kostnaðarmati.

### A. Almennar tillögur

1. Gerður verði þjónustusamningur við dagforeldra.
2. Miðað verði við að stofnkostnaður verði 500 þús. kr. fyrir dagforeldra sem hefja starfsemi.
3. Miðað er við að settur verði á árlegur aðstöðustyrkur upp á 150 þús. kr.
4. Leigustyrkir fyrir dagforeldra í færanlegum kennslustofum á vegum Reykjavíkurborgar miði við að dagforeldrar greiði að hámarki 150 þús. kr. í leigu. Reykjavíkurborg styrki þá um þann mismun sem eftir verður. Sem dæmi þá kostar leiga á 60m<sup>2</sup> færanlegri stofu 350 þús. kr. á mánuði. (Kostnaður við að setja niður 60m<sup>2</sup> færanlega stofu er 40 millj. kr. Slík stofa rúmar 10 börn eða starfsstöð fyrir 2 dagforeldra). Ef 5 svona hús yrðu sett niður væri árleg niðurgreiðsla leigu 12 milljónir króna.

### B. Fyrri tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra





1. Niðurgreiðsla til dagforeldra verði hækkuð úr 69.200 fyrir hvert barn upp í 84.200 kr.\*
2. Þak verði sett á gjald sem foreldrar greiða fyrir börn yngri en 18 mánaða upp að 65.800 kr. á mánuði
3. Þegar barn nær 18 mánaða aldri þá greiða foreldrar sama gjald og í leikskóla. Miðað við 28.371 kr. sem er leikskólagjald fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla hækkar í 121.629 kr. pr. barn.
4. Tillagan felur í sér að dagforeldrar fái 150 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn. Sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra

### C. Seinni tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

1. Niðurgreiðsla til dagforeldra verði hækkuð úr 69.200 fyrir hvert barn upp í 124.200 kr.
2. Þak verði sett á gjald sem foreldrar greiða fyrir börn yngri en 18 mánaða upp að 65.800 kr. á mánuði
3. Þegar barn nær 18 mánaða aldri þá greiða foreldrar sama gjald og í leikskóla. Miðað við 28.371 kr. sem er leikskólagjald fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla hækkar í 161.629 kr. pr. barn.
4. Tillagan felur í sér að dagforeldrar fái 190 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn. Sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra

Áætlað er að þessar aðgerðir muni fjölga dagforeldrum um allt að 40. Í dag eru 85 dagforeldrar í Reykjavík og 21 dagforeldrar í öðrum sveitarfélögum að störfum með 433 börn sem eru með lögheimili í Reykjavík.

### Útreikningur kostnaðar:

#### A. Almennar tillögur

- Stofnkostnaður miðað við fjölgun um 40 dagforeldra  $40 \times 500.000 = 20.000.000$  kr.

#### Einskiptis kostnaður 20.000.000 kr.

- Árlegur aðstöðustyrkur verði 150.000 kr.
  - Miðað við núverandi fjölda  $85 \times 150.000 = 12.750.000$  kr.
  - Miðað við fjölgun um 40 dagforeldra  $40 \times 150.000 = 6.000.000$  kr.

#### Árlegur kostnaður 18.750.000 kr.

#### B. Fyrri tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

- Niðurgreiðsla til dagforeldra 84.200 kr.: Hækkun um 15.000 kr. x 433 börn eða samtals 6.495.000 kr.
- Viðbótarkostnaður miðað við 40 dagforeldra fjölgun með allt að 200 börn.  $84.200$  kr. x 200 börn = 16.840.000 kr.
- Samtals kostnaður 23.335.000 kr. pr. mánuð.



**Árlegur kostnaður 256.685.000 kr. (11 mánuðir)**

Þegar barn nær 18 mánaða aldri verði niðurgreiðsla 121.629 kr. pr. barn.

- Hækkun verður 121.629 kr. – 84.200 kr. = 37.429 kr. pr. barn á mánuði.
- Áætlaður fjöldi barna eldri en 18 mánaða er breytilegur en ef miðað er við 120 börn þá verður kostnaður =  $120 \times 37.429 = 4.491.480$  kr. pr. mánuð. Gera má ráð fyrir að meðaltali væri greitt fyrir fjóra mánuði.\*\*

**Árlegur kostnaður 17.965.920 kr.**

**C. Seinni tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra**

- Niðurgreiðsla til dagforeldra 124.200 kr.: Hækkun um 55.000 kr. x 433 börn eða samtals 23.815.000 kr.
- Viðbótarkostnaður miðað við 40 dagforeldra fjölgun með allt að 200 börn.  $124.200 \text{ kr.} \times 200 \text{ börn} = 24.840.000 \text{ kr.}$
- Samtals kostnaður 48.655.000 kr. pr. mánuð.

**Árlegur kostnaður 535.205.000 kr. (11 mánuðir)**

Þegar barn nær 18 mánaða aldri verði niðurgreiðsla 161.629 kr. pr. barn.

- Hækkun verður 161.629 kr. – 124.200 kr. = 37.429 kr. pr. barn á mánuði.
- Áætlaður fjöldi barna eldri en 18 mánaða er breytilegur en ef miðað er við 120 börn þá verður kostnaður =  $120 \times 37.429 = 4.491.480$  kr. pr. mánuð. Gera má ráð fyrir að meðaltali væri greitt fyrir fjóra mánuði.

**Árlegur kostnaður 17.965.920 kr.**

Samantekt: Einskiptis stofnkostnaðar er um 20 milljónir kr. miðað við fjölgun um 40 dagforeldra. Árlegur heildarkostnaðarauki er um 293 milljónir kr. eða um 573 milljónir kr. eftir því hvort fyrri eða seinni tilaga kemur til álita.

\* Óljóst er hvort þessi fjárhæð sé nægilega há svo að nýir dagforeldrar séu tilbúnir að koma inn í kerfið þar sem þetta skilar ekki nógu háum tekjum til þeirra.

\*\* Þessi fjöldi barna miðar við samsetningu barnahópsins sem eru í vistun hjá dagforeldrum í apríl 2022. Með fjölgandi leikskólaláttum í tengslum við Brúum bilið hópinn og sífellt lækkandi aldur barna sem hefja leikskólavist, mun þessi tala lækka töluvert. Sem dæmi má nefna að 20.9.2022 voru 49 börn 18 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaláttum í Reykjavík.



## Tillaga 6

Tillaga sex varðandi verklag við leikskólainnritun er svohljóðandi:

*Lagt er til að verklag leikskólainnritunar verði endurskoðað með tilliti til bættrar upplýsingagjafar til foreldra, einföldunar umsóknarferils og meira gagnsæis. Leggja þarf áherslu á aukna samræmingu í innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskóla í borginni.*

### Umsögn

Þann 6. september 2022 var sett af stað verkefnið, *Umbreyting á leikskólainnritun – LEIK-INN* en endurskoðun vegna verklags við innritun í alla þjónustu skóla- og frístundasviðs hefur staðið yfir frá árinu 2020. Um er að ræða lið í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar. Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla er mikilvægur liður í því að bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkur. Markmiðið er að færa þjónustuna nær íbúum með því að bjóða upp á rafrænar umsóknir, aðgengilega hönnun og mannlegt viðmót í stað umsókna á pappírseyðublöðum. Vinnan byggir á markmiðum þjónustustefnu borgarinnar og forsendum Græna plansins, sem er að einfalda þjónustu borgarinnar og gera hana notendamiðaða og stafræna. Í verkefninu LEIK-INN er um að ræða umbreytingu á ferli innritunar í leikskóla, úrvinnslu umsókna og miðlun upplýsinga svo sem um stöðu á biðlista. Í mörgum tilfellum er um að ræða fyrsta snertiflöt barnafjölskyldna í Reykjavík við borgina og mikilvægt er að sú upplifun sé jákvæð.

LEIK-INN verkefnið snýr jafnframt að innri aðilum og innri notendum, svo sem starfsfólki borgarinnar sem er í samskiptum við foreldra svo það geti veitt sem besta þjónustu. Einnig snýr verkefnið að stjórnendum og kjörnum fulltrúum sem hafa það hlutverk að sinna stefnumótun og hafa eftirlit með þjónustunni og munu fá bætt aðgengi að lykilupplýsingum um framgang leikskólainnritunar.

Samkvæmt tímaáætlun LEIK-INN er stefnt að því að frumgerðir (e. prototype) að verkferlum og vörum verði tilbúnar öðru hvoru megin við nk. áramót og að hægt verði að vinna eftir fyrstu útgáfu við úthlutun leikskólaplássa á vormánuðum 2023 þegar úthlutað verður þeim plássum sem losna í lok ágúst 2023 þegar elsti árgangur leikskólans lýkur leikskólagöngu sinni og hefur grunnskólanám.

Verkefnið LEIK-INN er að mestu fjármagnað af fjárfestingaklasanum Stafræn umbreyting – rafvæðing ferla á fjárfestingaáætlun í stafrænni umbreytingu sem hluti af verkefninu „stafræn þróunarteymi“. Skóla- og frístundasvið tilnefnir tvo sérfræðinga í vinnuna sem sviðið þarf að fjármagna og rúmast sá kostnaður ekki innan fjárheimilda sviðsins.

Aðferðafræði þjónustuhönnunar er beitt við vinnslu og þróun á stafrænum umbreytingaverkefnum í takti við þjónustustefnu borgarinnar. Kjarni þessarar aðferðar byggist á samvinnu, samtali og samráði við notendur þjónustunnar bæði innri og ytri, þarfir þeirra og áskoranir eru greindar án þess að leggja upp með fyrirfram gefna lausn í huga. Þegar þeirra kortlagningu og greiningu er lokið er hafist handa við að þróa lausnir og verkferli sem leysa raunveruleg vandamál við notkun þjónustunnar.

Tillögu formanns borgarráðs um verklag leikskólainnritunar hefur verið vísað til vinnu LEIK-INN, umbreytingar á leikskólainnritun. Eins og áður segir er þáttur ÞON að fullu fjármagnaður. Fjármagna þarf hins vegar útlagðan kostnað skóla- og frístundasviðs vegna verkefnisins sem er 3.750 þús.kr., sem er 90% stöðugildi sérfræðings í 4 mánuði. Þar sem áætlað er að u.þ.b. 6 mánuðir séu þar til 1. útgáfa af stafrænni leikskólainnritun verður útgefin er lagt til að fjármögnuð verði 50% staða í 6 mánuði í þjónustuveri Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg

Í símsvörun til að veita foreldrum upplýsingar og ráðgjöf varðandi umsókn um leikskóla, samtals 2.250 þús.kr. Jafnframt er lagt til að fjármögnuð verði breyting á umsjónarkerfi leikskóla sem gefur foreldrum möguleika að skoða hvar í röðinni þeirra barn er á biðlista á öllum leikskólum Reykjavíkurborgar, ekki bara þeim 5 leikskólum sem foreldrar hafa valið eins og nú sést. Aukin upplýsingagjöf léttir á þörf fyrir ráðgjöf. Áætlaður kostnaður vegna þess er 400 þús.kr. Samtals eru þetta 6.400 þús.kr. og er um einskíptiskostnað að ræða.

Þeim þætti er snýr að aukinni samræmingu í innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskóla í borginni hefur verið vísað til starfshóps sem nú vinnur að tillögum um mótun stefnu um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Vakin er athygli á því að ef gerð verður krafa á að sjálfstætt starfandi leikskólar tengist umsjónarkerfi leikskóla sem Reykjavíkurborg mun kostnaður aukast því samfara.

Virðingarfyllt,  
Helgi Grímsson,  
*sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar*